

Ed.

818. Nefndarálit

[306. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Stjórnarfrumvarp þetta mun hafa í för með sér lækkaðar tekjuskattsgreiðslur banka og annarra innlánsstofnana í ríkissjóð. Tillögur meiri hluta nefndarinnar ganga þó enn lengra í sömu átt og mun tekjuskerðing ríkissjóðs vegna samþykktar þessa frumvarps með þeim breytingum, sem meiri hlutinn gerir tillögu um, nema um 18 millj. kr. á árinu 1984.

Tekjuskerðing ríkissjóðs verður þó enn meiri á árunum 1985 og 1986, ef frumvarpið verður samþykkt með tillögum þeim sem meiri hlutinn flytur, og lækka þá greiðslur í ríkissjóð frá innlánsstofnunum um 65 millj. kr. til viðbótar á núverandi verðlagi hvort árið um sig vegna breyttrar tilhögunar við álagningu.

Minni hluti nefndarinnar telur óþarft og ástæðulaust að lækka skattgreiðslur banka og annarra innlánsstofnana. Ef nauðsynlegt er talið að samræma álagningu tekjuskatts á bankastofnanir almennri álagningu skatta má að sjálfsgöðu gera það án þess að því fylgi verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð á þessu og næstu tveimur árum.

Vafalaust er þörf á að endurskoða ýmis atriði laga um skattskyldu innlánsstofnana og þarf að gera að betur athuguðu máli.

Minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ :

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða gildandi lög um skattskyldu innlánsstofnana, og þar sem frumvarp þetta er að ýmsu leyti vanhugsað og illa undirbúið og hefur í för með sér stórfellt tekjutap fyrir ríkissjóð, ályktar deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykktur þessu álit.

Alþingi, 9. maí 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
fundaskr.

Ragnar Arnalds,
frsm.

Eiður Guðnason.